



„Ég get núna“
Virknimat í skólastarfi

Sesselja Árnadóttir

grunnskólakennari og MA í menntunarfræði

Dr. Anna-Lind Pétursdóttir

Prófessor við Menntavísindasvið HÍ



Hegðunarerfiðleikar

- Hegðun telst erfið eða krefjandi (e. *challenging*) ef hún hefur þrífaldlega truflandi áhrif á nám eða samskipti barns við jafnaldra eða fullorðna
(Powell, Fixsen, Dunlap, Smith og Fox, 2007).
- Hegðunarerfiðleika gætir hjá um 10-12% skólabarna og eru eitt helsta áhyggjuefni kennara
(Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006; SÍS og FG, 2012)
- Horfur eru slæmar
 - t.d. nemendur með hegðunar- og tilfinningaerfiðleika líklegastir allra nemenda til að flosna úr námi og leiðast út í neyslu og glæpi (Bradley, Doolittle & Bartolotta, 2008)




Hvað er til ráða?

- Vinnubrögð geta skipt sköpum - en „*kunnáttu- og úrræðaleysi gagnvart nemendum með alvarlegar raskanir brennur mjög á starfsfólkinu*”
 - Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006, bls. 4
- Mikilvægt að leita leiða til að draga úr hegðunarerfiðleikum nemenda - og álagi kennara í starfi til þess að gera þeim betur kleift að mæta ólíkum þörfum nemenda.



Stigskiptar aðferðir fyrir ólíkar þarfir



Öflug einstaklingsinngrip

- Fyrir einstaka nemendur - 1-5%
- Byggð á virknimati
- Margþætt og árangursmiðuð

Sértæk inngrip

- Fyrir nemendur í áhættu - 5-10%
- Skilvirk – einföld
- t.d. einfalt hvatningarkerfi

Almennar aðferðir

- Fyrir alla nemendur
- Í öllum aðstæðum
- Fyrirbyggjandi – virka fyrir 80-90%
- t.d. aðferðir við bekkjarstjórnun



Aðferðir til að draga úr alvarlegustu hegðunarerfiðleikunum

- Einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun byggð á virknimati
 - Hagnýt atferlisgreining
 - Íhlutun er árangursríkari ef hún er byggð á virknimati (Heyvaert o.fl., 2012; Ingram, Lewis-Palmer og Sugai, 2005; March og Horner, 2002; Newcomer og Lewis, 2004)
- Áratuga rannsóknir hafa sýnt jákvæð áhrif
 - t.d. á hegðun og námsárangur (t.d. Kern o.fl., 1994; Lane o.fl. 1999; O’Neill og Stephenson, 2009)
- Samtök skólasálfræðinga, sérkennslustjóra og heilbrigðisstofnanir í BNA mæla með virknimati
- Lögbundin vinnubrögð í BNA (IDEA 1997, 2004)

Virknimat

(functional behavioral assessment)

- Kerfisbundin leið til að meta virgni eða tilgang hegðunar
- Greina aðstæður eða aðdraganda sem ýta undir erfiða hegðun og afleiðingar sem viðhalda þessari hegðun
- **Aðdragandi – Hegðun – Afleiðingar (AHA)**




- Lykilspurningar:
 - Hvaða aðstæður auka líkur á hinni erfiðu hegðun?
 - Hvað kemur henni af stað?
 - Hvaða afleiðingar eru að viðhalda hegðuninni?
 - **Hvaða tilgangi þjónar hegðunin?**





Virknimat


- Kerfisbundið mat á áhrifaþáttum erfiðrar hegðunar
- Viðtöl, beinar athuganir og/eða prófun tilgátna (virknigreining)





Einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun


1. Úrræði sem beinast að bakgrunnsáhrifavöldum
2. Fyrirbyggjandi breytingar á aðdraganda
3. Þjálfun í viðeigandi hegðun
4. Styrking viðeigandi hegðunar og slokknum





Virknimat og stuðningsáætlun „Lausnamiðað ferli“ eða „Lausnaleit“

1. Lýsing á jákvæðum eiginleikum einstaklings og skilgreining á krefjandi hegðun
2. Söfnun upplýsinga með viðtölum o.fl.
3. Bein athugun á áhrifaþáttum
4. Einstaklingsmiðuð, margþætt stuðningsáætlun byggð á niðurstöðum virknimats
5. Mat á árangri inngrips
6. Áætlun um að draga úr umfangi inngrips, auka færni og viðhalda árangri





Emil (Þór)

- Nemandi í 6. bekk
- Hress og skemmtilegur strákur
- Langvarandi hegðunarerfiðleikar þrátt fyrir ýmis úrræði:
 - Slök námsástundun
 - Ljótt orðbragð – neikvætt viðhorf
 - Truflandi hegðun

Sesselja Árnadóttir og Íris Árnadóttir framkvæmdu virknimat og stuðningsáætlun. Sjá nánar í grein ALP (2010).



Virknimat

- Niðurstöður virknimats gert með viðtölum við kennara, nemanda og foreldra:

Þættir virknimats	Samantekt niðurstaðna úr virknimati
Aðdragandi	<i>Þegar Emil á að vinna verkefni sem hann á erfitt með ...</i>
Hegðun	<i>...bregst hann við með því að blóta og nota niðurlægjandi orðbragð...</i>
Afleiðingar (tilgangur)	<i>...til að forðast verkefni.</i>
Bakgrunnsáhrifavaldar	<i>Líkurnar á þessu aukast þegar hann er þreyttur og/eða svangur.</i>




Einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun

Þættir stuðningsáætlunar	Íhlutun
Breytingar á aðdraganda	<i>Aukið val Skýr markmið í hvatningabók</i>
Þjálfun í viðeigandi hegðun	<i>Minntur á að biðja á kurteisan hátt um önnur verkefni eða vinnubrögð þegar honum mislíkar eitthvað</i>
Stjórnun afleiðinga	<i>Samningsbundið hvatningarkerfi -viðgjöf í lok hverrar kennslustundar -viðtal við kennara í lok dags og viku -umbun heima í lok viku</i>
Úrræði beind að bakgrunnsáhrifavöldum	<i>Rætt við móður um að bæta svefn- og matarvenjur</i>




Áhrif stuðningsáætlunar á neikvæð ummæli





Áhrif íhlutana á námsástundun





Samantekt áhrifa hjá 74 börnum

Anna-Lind Pétursdóttir. (2011). Með skilning að leiðarljósi: Dregið úr langvarandi hegðunarerfiðleikum með virknimati og stuðningsáætlunum. *Uppeldi og menntun*, 20(2), 121-143.

Pétursdóttir, A. L. (2017). Distance training in function-based interventions to decrease student problem behavior: Summary of 74 cases from a university course. *Psychology in the Schools*, 54(3), 213-227.




Þátttakendur

- 188 háskólanemar í valnámskeiðinu 2009-2014
 - Flestir í framhaldsnámi í uppeldis- og menntunarfræðum (um helmingur með áherslu á sérkennslufræði)
- 74 nemendur með langvarandi hegðunarerfiðleika
 - 1 til 18 ára saga um hegðunarerfiðleika (meðaltal: 3,9 ára)
 - 19 í leikskóla, 42 í 1.-7.bekk og 13 í 8.-10.bekk/ framhaldsskóla
 - 68 piltar og 6 stúlkur, 3 til 20 ára (meðaltal: 9,3 ára)
 - 25 með ADHD, 12 með námserfiðleika, 6 með röskun á einhverfurófi, 6 með málröskun, 5 með kvíða eða þunglyndi, 4 með mótþróaþrjóskuröskun, 3 með þroskahömlun, 2 með Tourette heilkenni



Breytingar á truflandi hegðun



Mynd 1. Meðaltalstíðni truflandi hegðunar hjá nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir og eftir framkvæmd stuðningsáætlana byggðum á virknimati.


** p-gildi < 0,01

*** p-gildi < 0,001

- Truflandi hegðun minnkaði að meðaltali um 78%



Breytingar á árásarhegðun




Mynd 2. Meðaltalstíðni árásarhegðunar hjá nemendum í leik- og grunnskólum fyrir og eftir framkvæmd stuðningsáætlana byggðum á virknimati.

** p-gildi < 0,01 • Árásarhegðun minnkaði að meðaltali um 88%



Breytingar á virkri þátttöku



Mynd 3. Meðaltalshlutfall virkrar þátttöku í deildar- eða bekkjarstarfi hjá nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir og eftir framkvæmd stuðningsáætlana hvöggðum á virknimati.

* p-gildi < 0,05

** p-gildi < 0,01

*** p-gildi < 0,001

- Virk þátttaka jókst að meðaltali um 91%





Fjölbreyttir nýtingarmöguleikar

- Stuðningsáætlanir byggðar á virknimati hægt að nýta með fólki á ýmsum aldri...
 - Frá ungbörnum til aldraðra
- ...með margvíslegar raskanir
 - Þroskahömlun, geðraskanir og/eða önnur frávik
- ...með fjölbreytta erfiðleika
 - t.d. hegðunar- og/eða tilfinningalega erfiðleika
- ...í ýmsum aðstæðum
 - Skólum, stofnunum, heima...

Lausnaleit – „Ég get núna” Einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir byggðar á virknimati í Auðarskóla 2012 – ?





Þróunin á „Lausnaleit“ í Döllum

- Hófst 2012-13 með styrk úr Sprotasjóði
- 20-30% starf verkefnisstjóra
- Að meðaltali 7 einstaklingar á ári
 - Flestir mjög tímabundið
 - Nokkrir lengur (nemendur á einhverfurófi)
- Helsti ávinningur í Auðarskóla
 - Allt starfsfólk skólans er:
 - meðvitaðra
 - skilningsríkara
 - lausnamiðaðra
- Aðferðirnar vonandi komnar til að vera



**When a flower
doesn't bloom
you fix the
environment
in which it
grows, not
the flower.**

Alexander Den Heijer



Hvers vegna blómstar vinnan?

- Starfsfólk er námsfúst
- Verkefnisstjóri framkvæmir virknimatið og gerir stuðningsáætlanir samstarfi við kennara
- Kennarar framfylgja áætlun
- Stjórnendur gefa tíma fyrir samhæfingu – teymisvinna er virk
- Jákvætt viðhorf til nemenda og trú á að láta styrkleika njóta sín
- Reynum að uppfylla ummæli skólastjórnanda með reynslu af „Lausnaleit“

„Moldin sem börnin þrífast í þarf að vera dálítið hlý.“

Upplifun kennara á virknimati og skráningum

- Allir kennararnir nefndu að hin nákvæma skráning sem framkvæmd var með virknimatinu hafi skilað sér m.a. í þekkingu á raunverulegri orsök hegðunar hjá nemendunum sem gerði það aftur að verkum að þeim fannst auðveldara að sýna nemanda **skilning** og koma fram við hann af **virðingu** þrátt fyrir hugsanlega óviðeigandi hegðun.
- *... á meðan þessum mælingum fór fram þá fórum við líka að sjá breytingu ... á honum til batnaðar í sambandi við námið (Tinna umsjónarkennari Andra)*

Upplifun eldri nemandu

- Kjartan var sannfærður um að með aðferðum í stuðningsáætlunni hafi hann lært að skilja af hverju hann stundum missti stjórn á skapi sínu og lærði leiðir til að afstýra því.
 - *...en eftir þetta, já þessi viðtöl við umsjónarkennarann og að fá alltaf að vita hvað var í gangi þá byrjaði ég svona að hugsa um það sem ég hafði gert ... og svoleióis og ég held að það hafi verið svona aðallega breytt því hvernig ég hagaði mér eftir það.*

Sesselja Árnadóttir og Anna-Lind Pétursdóttir

(2013)

Upplifun yngri nemenda

- Yngstu þátttakendurnir í rannsókninni gerðu sér grein fyrir framför í því að stjórna hegðun sinni
 - enda mikil áhersla á það í einstaklingsmiðuðu hvatningarkerfi sem er hluti af stuðningsáætlun
- *Ég var rosa þægur út af bókinni [...] núna er ég alveg búinn að fatta hvernig ég á að vera*
 - (Andri, eftir inngrip).
- *Ég get núna. Ég er næstum hættur að standa upp í stofunni og trufla aðra. Og ég man núna að rétta upp hendi*



Emil (Þór) þremur árum síðar

- Notar aðferðirnar ennþá á álagstímum
- *„Já ég verð ennþá kannski reiður og langar oft til að blóta ferlega en ég veit að það borgar sig ekki. Þá tek ég mig á, anda djúpt og hugsa hvað verði betra að gera. Oftast tekst þetta en það er samt ekkert langt síðan ég öskraði á litla bróður minn. Ég hef hugsað um það hvað lífið væri ömurlegt fyrir hann ef ég væri jafnleiðinlegur við hann alltaf eins og ég var.“*

Sesselja Árnadóttir og Anna-Lind Pétursdóttir
(2013)

Upplifun móður

- Móðir Emils (Þórs) þremur árum eftir stuðningsáætlun:
- *Hann fékk allt í einu jákvætt ...„feedback“ frá skólanum sem hann hafði ALDREI fengið áður og... hans sýn á sjálfan sig, **allt í einu gat verið gaman að standa sig vel. Ég held hann hafi ekkert áttað sig á því áður... honum var svo mikið létt...***
- *... þetta breytti bara öllu bæði í skólanum og hér heima. **ég hef alltaf sagt þetta bjargaði honum.***

Sesselja Árnadóttir (2011)



Lesefni

- Anna-Lind Pétursdóttir. (2010). Lotta og Emil læra að haga sér vel: Áhrif virknimats og stuðningsáætlunar á hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.*
- Anna-Lind Pétursdóttir. (2011). Með skilning að leiðarljósi: Dregið úr langvarandi hegðunarerfiðleikum með virknimati og stuðningsáætlunum. *Uppeldi og menntun, 20(2), 121-143.*
- Anna-Lind Pétursdóttir, Lucinda Árnadóttir og Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir. (2012). Úr sérúrræði í almenna skólastofu: Virknimat og stuðningsáætlun sem verkfæri í skóla án aðgreiningar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.*
- Erla Björk Sveinbjörnsdóttir & Anna-Lind Pétursdóttir. (2018). „Nú fór ég að heyra eitthvað jákvætt á hverjum degi“: Áhrif einstaklingsmiðaðra stuðningsáætlana í leikskóla og upplifun leikskólustarfsmanna og foreldra af vinnubrögðunum. *Glæður, 27, 43-56.*
- Daðey Arnborg Sigþórsdóttir & Anna-Lind Pétursdóttir. (2017). Bætt hegðun og líðan: Áhrif virknimats og einstaklingsmiðaðra stuðningsáætlana á langvarandi hegðunarerfiðleika leikskólabarna. *Glæður, 26, 52-65.*



Lesefni, frh.

- Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir (2012). „Nú er ég alveg búin að fatta hvernig ég á að vera“: Dregið úr langvarandi hegðunarerfiðleikum grunnskólanemenda með einstaklingsmiðuðum stuðningsáætlunum og stighækkandi viðmiðum um frammistöðu. *Tímarit um menntarannsóknir*, 9, 153-177.
- Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir. (2013). „Uss, ég er að vinna!“: Áhrif einstaklingsmiðaðra stuðningsáætlana á námsástundun grunnskólanemenda með hegðunarerfiðleika. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/012.pdf>
- Pétursdóttir, A. L. (2017). Distance training in function-based interventions to decrease student problem behavior: Summary of 74 cases from a university course. *Psychology in the Schools*, 54(3), 213-227.
- Sesselja Árnadóttir og Anna-Lind Pétursdóttir (2013). „Ég get núna“: Upplifun nemenda af virknimati og einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít – Fagið og fræðin[/Rannsóknir og skólastarf]*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/005.pdf



Takk fyrir!

Spurningar - athugasemdir?

sesselja@audarkoli.is

annalind@hi.is